

Jarðfræðafélag Íslands

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015

Fyrri hluta ársins 2015 störfuðu í stjórn félagsins Sigurlaug María Hreinsdóttir (formaður), Esther Ruth Guðmundsdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Sigurður Garðar Kristinsson (ritari), Björn Harðarson (meðstjórnandi), Erla María Hauksdóttir (meðstjórnandi) og Þorsteinn Sæmundsson (meðstjórnandi). Sigurður Garðar Kristinsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn félagsins, en hann hefur starfað í stjórn frá árinu 2013. Honum er þakkað kærlega fyrir góð störf í þágu félagsins. Nýr meðlimur í stjórn er Sylvía Rakel Guðjónsdóttir. Skipan stjórnar eftir aðalfund var þessi: Sigurlaug María Hreinsdóttir (formaður), Esther Ruth Guðmundsdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Erla María Hauksdóttir (ritari), Björn Harðarson (meðstjórnandi), Sylvía Rakel Guðjónsdóttir (meðstjórnandi) og Þorsteinn Sæmundsson (meðstjórnandi).

Alls eru nú tæpir 300 félagar skráðir í félagið. Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu.

Vorráðstefna var haldin 13. mars í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Líkt og áður var nemendum í HÍ boðið endurgjaldslaust á ráðstefnuna en stjórn félagsins telur mikilvægt að nemendur fjölmenni á Vorráðstefnu og kynnist störfum jarðfræðistettarinnar. Á ráðstefnunni var að vanda fjölbreytt dagskrá og mörg fróðleg erindi flutt. Ráðstefnuna sóttu 54 félagar og 4 utanfélagsmenn auk 40 nemenda, 21 erindi voru haldin og 10 veggspjöld kynnt.

Aðalfundur félagsins 2015 fór fram þann 5. maí í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum sýndi Sigurður Garðar Kristinsson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknunum, ljósmyndir sem hann hefur tekið við störf sín á erlendri grundu.

Vorferð var farin 14. maí í Þríhnúkagíg, fjölmennt var í ferðinni og gekk 24 manna hópur að gígunum

frá skála Breiðabliks í Bláfjöllum. Farið var niður í nokkrum hollum og voru félagar sammála um að þennan helli ætti enginn jarðvísindamaður að láta fram hjá sér fara.

Haustráðstefna félagsins var haldin 20. nóvember í sal Rúgbrauðsgerðarinnar í Borgartúni 6, Reykjavík. Heiðursgestir ráðstefnunnar voru þau Guðrún Larsen jarðfræðingur, Kjartan Thors jarðfræðingur og Oddur Sigurðsson jarðfræðingur. Öll urðu þau sjötug á árinu.

Þema ráðstefnunnar var jökjar og laus jarðlög. Fjöldi jarðvísindafólks, sem á einn eða annan hátt tengdust heiðursgestum, héldu erindi. Sigurlaug María Hreinsdóttir setti ráðstefnuna og þar á eftir voru flutt 23 erindi:

Magnús Tumi Guðmundsson, Jarðvísindastofnun, fór með inngangsorð og fjallaði þar á skemmtilegan hátt um heiðursgesti ráðstefnunnar; Jón Ólafsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um einn dag í varma- og seltubúskapi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi; Sindri Snær Jónsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um áhrif sjávar á uppleyst súrefni og koltvíoxíð í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi; Tómas Jóhannesson, Veðurstofu Íslands, fjallaði um Skaftárhlaup um mánaðamótin september/október 2015; Snorri Zóphóníasson, Veðurstofu Íslands, fjallaði um Skaftá, áhrif hennar í byggð; Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Jarðvísindastofnun, fjallaði um sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalsjökli sumaríð 2015; Bergrún Arna Óladóttir, Jarðvísindadeild, fjallaði um gjóskuframleiðni og kvikukerfi Kötlu; Robert Askew, Jarðvísindastofnun, fjallaði um Continuing the legacy of George Walker: The Neogene Breiðdalur Volcano, East Iceland; Olgeir Sigmarsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um eldstöðvakerfi undir vestanverðum Vatnajökli skilgreind með samsætumælingum jökulskerja, gjósku og hrauna; Esther Ruth Guðmundsdóttir, Jarðvísindastofnun, fjallaði um tíu

púsund ára sögu eldvirkni skráð í setlög Lagarins; Ívar Örn Benediktsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um myndun og aldur Arnarfellsmúla við Múlajökul; Bryndís Brandsdóttir, Jarðvísindastofnun, fjallaði um umbrotahrinur í lok ísaldar, lesnar úr misgengjum í lausum jarðlögum á landgrunni Norðurlands; Ögmundur Erlendsson, Íslenskum orkurannsóknum, fjallaði um botngerð og laus jarðlög á landgrunni Íslands; Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, Jarðvísindastofnun, fjallaði um ¹⁴C aldursgreiningar á jurttaleifum frá Breiðamerkur- og Skeiðarársandi varpa ljósi á umhverfisbreytingar á Nútíma; Hreggviður Norðdahl, Jarðvísindastofnun, fjallaði um landris og fornar strandlínur sem tímamælar – dæmi úr Fnjóskadal og Eyjafirði; Sverrir Aðalsteinn Jónsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um myndun jökulalda og jöklunarsögu Fláajökuls á nútíma; Árni Hjartarson, Íslenskum orkurannsóknum, fjallaði um jöklun á landgrunni; Oddur Sigurðsson, Veðurstofu Íslands, fjallaði um aurkeilur jökulhlaupa; Snævarr Guðmundsson, Náttúrustofu Suðausturlands, fjallaði um breytingar á Breiðamerkurjökli frá lokum 19. aldar, í ljósi gamalla mynda; Eyjólfur Magnússon, Jarðvísindastofnun, fjallaði um The subglacial topography of Drangajökull ice cap, surface and volume evolution on 1946–2014; Þorsteinn Sæmundsson, Land- og ferðamálafræðistofu, fjallaði um ofanflóð á jökla á Íslandi. Orsakavaldar og afleiðingar; Finnur Pálsson, Jarðvísindastofnun, fjallaði um greinargerð um könnun á legu útfalla og farvega fallvatna frá Síðujökli og stöðugleika þeirra þegar jökullinn hörfar og Þorsteinn Þorsteinnsson, Veðurstofu Íslands, fjallaði um afkomumælingar á Hofsjökli 1988–2015.

Í lok ráðstefnunnar var móttaka til heiðurs Guðrúnu, Kjartani og Oddi. Góður andi ríkti á ráðstefnunni sem um 90 manns sóttu og tókst hún vel í alla staði, heiðursgestum og öðrum sem hana sóttu til mikillar ánægju.

Haustferð Jarðfræðafélagsins var farin 24.–25. október. Farið var í Bása í Þórsmörk og var Þorsteinn Sæmundsson leiðsögumaður ferðarinnar. Hópurinn samanstóð af 10 manns og var hann afar góðmennur.

Nefndir

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins árið 2015.

Jökull – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd eru: Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

Sigurðarsjóður – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

Sigurðarmedalía – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

Orðanefnd – Haukur Jóhannesson (formaður), Steinþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

Síðanefnd – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

Löggildingarnefnd – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

IUGS (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Sigurlaug María Hreinsdóttir situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.

Sigurlaug María Hreinsdóttir